

Tb. Johnson
Watchmaker, Jeweler & Optician
Aller vísirir hafa og vel af hafi
lútar.
248 Main Street
Phone 111-0000 WINNIPEG, MAN.

Heimskringla.

Fala upplýsingar um
PEACE RIVER HERADÍÐ og DUNVEGAN
framtíðar höfuðstöðnaðir
HALLDORSON REALTY CO
710 McIntyre Block
Phone Main 1844 WINNIPEG, MAN.

XVIII. AR.

WINNIPEG, MANITOBA FIMTUDAGINN, 7. MAÍ 1914.

Nr. 32

Fréttir.

Mexikó.

Þessa viku hefur litið markvert borið við í deilunni milli Bandaríkjanna og Mexíkó. Shaghnessy sendiherra situr í Vera Cruz, en gjórt er ráð fyrir, að hann komi bráðlega heim til Washington, og leggi tillögur sínar fram við forseta um, hversu skuli haga meðferð þessara mála. Sendiherrar Brazílu, Argentínu og Chile, Suður-Ameríku lýðveldanna, hafa boðist til, að ganga á milli um settir og hafa Bandaríkjum tekið málalutun þeirra vel. Aftur hefur Huerta farið fram á, að Spánn, Ítalía og Frakkland skipuðu menn í státtnefndina frá sínu hálfu. Hefir ekki á móti því verið haft af Bandaríkjunum. Samið var um nokkurra daga vopnablað, meðan athugað væri, hvort hægt myndi vera að koma á friði.

En litið er þó upp úr þessum státtaleitunum lagt í Bandaríkjunum. Fyrsta maí samþykkir Congressið \$100,000,000 veitingu til herkostnaðar, ef á þurfi að halda. Og samtímis áþyrjast þau tíðindi að Huerta hafi látið alla sakamenn í fangelsum Mexíkó ríkislausu, með þeim skilmálinum, að þeir gangi í herþjónustu móti Bandaríkjunum. Einnig óttast margir, að Bandaríkjaþegnar utan Vera Cruz, búsettir í Mexíkó, séu í mikilli hættu staddir. Hefir það auk heldur heyrst, að Huerta mun vilja láta þá af lífi taka, þó ekki hafi enn til þess komið, og engin hryðjuverk spurst.

Í Vera Cruz brenum er allt með kyrrum kjörum, og láta Mexíkó menn hafa bresta af stjórn Bandaríkjanna. General Funston, er áður var herforingi á Filippseyjum, hefur verið skipaður yfir borgina. Er hann harðdrægur, en síðavandur og einbeittur í öllum skipunum. Þótti hann altíð harðdrægur í viðskitum við Filippseyjarmenn, og fyrir þá skuld kallaður heim aftur, en nú er honum fengið landsstjórastæði í Mexíkó meðan á ófriðnum stendur.

Frá héraðinu Zacatecas, sem litar stjórn Huertas, eru þær fréttir sagðar, að þeir Bandaríkjamenn hafi verið teknir fastir og varpað í fangelsi. Heimtar Huerta \$88,000 þeim til lausnar. Einn þessara herflokka, Dr. Ryan frá Pennsylvania, er kærður um að vera spæjari.

Sagt er líka, að heldur dragi í sundur með uppreisnarmótunum um Villu og Carranza. Þannig margskiftir er ekki gjört ráð fyrir, að viðám verði mikill, ef í opinberan ófrið fer.

Síðustu fréttir frá Mexíkó segja, að til saman dragi til friðar. Áð vísu hefur Carranza uppreisnarmótunir neitað, og eiga státtamál við Bandaríkjum og jafnvel sýnt þeim opin frjandskap, látið skjóta á skip þeirra og herflokka. Í kringum Tampico eru olunámar, var farið fram á, að vinna væri ekki tafin þar við olubrunnana og setti gríð á því svæði, en því hefur Carranza neitað. Segist ekki skuli sjálfur láta leita á verkamenn, en áþyrst þeim þó enga vernd.

Aftur hefur státtnefndinni, sem skipuð er sendiherrum Brazílu, Argentínu og Chile, orðið það ágegnat að haldið verður státtning til þess að gjöra út um málin milli Bandaríkjanna og Huerta. — Einnig verður Villa boðin, að hafa þar erlandsreka, eða mæta í eigin persónu.

Bryan tilkynnti Congressinu það í gær, að áður þessi yrði haldin við Niagara, Canada myndu landamenn. Hafa státtmenn á milli staðnum. Einnig hafa þeir ákveðið, að fundurinn þyrfi þann 18. p. m. Að meðan eiga að standa gríð á báðar síður og hver að hafa því sem hefir. Horfir nú betur til með frið, en nokkru sínni fyrir, og þakka allir það gætni og góðgælyndi Wilsons forseta.

Kosningaúrslitin Á ÍSLANDI.

Eftir þrefum sem Dr. Sig. Júl. Jóhannsson, ritstj. Lögberg hefir borist eru þessir sagðir kosnir, en fréttin þó ógreinileg:

Í Reykjavík: Jón Magnússon, Sveinn Björnsson.
Í Gullbringu- og Kjöarsýslu: Björn Kristjánsson, Kristinn Daníelsson.

Í Rangárvallasýslu: Sira Eggert Pálsson, Einar Jónsson.
Í Vestmannaeyjum: Karl Einarsson.

Í Akureyri: Magnús Kristjánsson.

Í Strandasýslu: Magnús Pétursson.

Í Ísafirði: Sira Sigurður Stefánsson.

Í Mýrasýslu: Jóhann Eyjólfsson.

Í Borgarfjarðarsýslu: Hjörtur Snorrason.

Í Vestur-Ísafjarðarsýslu: Mattías Ólafsson.

Í Seyðisfirði: Karl Finnboðsson.

Í Suður-Múlasýslu: Þorsteinn Benediktsson, Guðm. Eggertsson.

Í Arnessýslu: Sigurður Sigurðsson.

En er ekki frétt úr hinum stóðnum, en valditið mun vera, að Halsteins stjórnin situr.

Verkfallið í Colorado.

Nú í margar síðastliðnar vikur hefir mátt heita að meginhluti ríkisins Colorado logaði í ófriðar eldi er stafað hefir af verkfallinu og deilunum milli námueiganda og verkamannafélagsins. Námunar eru í héraði sem nefnist Ludow og er einn aðalberinn þar í gærd Trindad. Þar hafa upphlaupin verið skaðust og margir mist þar lífið í smáslögum er orðið hafa milli verkamanna og herliðsins er kallað var þangað. Lögbergan er fyrir löngu hett að geta haft nokkra stjórn þar í bænum og gærdinni.

Námunar eru flestar eign Standard oilu félagsins eða Rockefeller, og hafa fms verkamannablað viljað halda John Rockefeller yngra á byrgdarfullum fyrir ástandinu þar. Kenna þau honum um, að í stað þess að láta undan sanngjörnum kröfum verkamanna hafi hann orðið orsök í dauða þeirra manna og kvenna er dreynir hafa verið af herliðinu í upphlaupunum sem orðið hafa. Telja þau þau sitja hálf illa á honum sem vera þykist guðsmaður Bandaríkjanna, sunnudags skólanennari, trúboðs fornaður með meira.

Þann 29. apríl fór söguskáldur og fagnaðarmanna foringinn Upton Sinclair og kona hans ásamt 3 öðrum konum inn á skrifstofu Rockefeller til þess að mótmæla athafi því sem fram fari í Colorado, en ekki hafði það annan árangur en að þau væru öll dregin í varðhald. Var Mrs. Sinclair slept en hún dæmd í fangelsi fyrir óspektir.

En Sinclair er ekki með því úr sögu, því á sinn kostnað hefur hann hafa sörgargöngur um bælin og hvert sem herra Rockefeller eður létur hann fylgja honum eftir með lífvagni og er líkasti í vagninum, til þess að minna hann á "morðin í Colorado".

En á sama stendur enn með verkfallið, og engar líkur til sáttu eða friðar.

Írsku málin.

Ekkert markvert hefir gjört í þeim málum síðastliðna viku. Umráður hafa all-miklar orðið í brekum um blöðum um, að nauðsynlegt væri, að binda enda á þá þrættu sem fyrst. Hefir stórbliðs Times skorað á alla hlutaðsgendur, að miðla svo málum, að sétt og eindregni komist á. Bendir það á, að Bretland hefir beðið mikinn hneki í augum útlendra þjóða fyrir ástand það, sem við sé látið gangast, er heita með opinber upp-reist í landinu.

Carson og fylgjendur hans hafa þó litið látið sér segjast, Hefing-

ar hafa haldið áfram og fleiri og fleiri hlauðið til vopna. Er ástafa hans mjög einkennileg: Þykist hann vera eindregið með spekt og friði og því, að Ulster-búar sliti ekki sambandi við ríkisheildina, eða aðalherjar Parlamentis, en afsegir þó í aðra röðina, að hlíta ákveðnum. Parlamentisins verði heimastjórnar frumvarp frá samþykkt óbreytt. — Einnhverntíma hefir þess konar ástafa verið skoðuð sem drottinnsvik og landráð, og þeim hinum sama ekki vægt.

Aftur hefir Balfour lávarður komið fram með miðunartillögum, og hefir á alla fra utan Ulster, hverrar trúar sem eru, að leggja niður deilur og flokkarig. Hefir það meisl vel fyrir og breytt átlitinu mikil. Er nú talað um, að kveða til fundar milli helstu málsmála, og fá einhverri jöfnun á komið.

Aðallega hefir deilan spunnið út af því, að Norður-Irland, sem eru að stórum hluta Protestántar, vilja ekki eiga sameiginleg mál með Suður-Irland, sem eru Katólíkar. — Óttast, að þeir veiti sér yfirgang, þegar öll stjórn landsins er komin í hendur heimabingsins í Dýðinni.

Deila þessi hefir haft einnig mikil og ill áhrif á allt verzlunarlíf Bretlands. Meðan menn gátu eins vel búið við, að allt færi í bál og brand, þóðu þeir ekki að leggja út í nein ný fyrirtæki, eða láta peningana fara sér fara. Hefir Canada auk heldur sýpið af þessum deilum, því mjög mikil peningabrensl hafa átt sér stað, það sem af er árinu, og er þó hvorki vetrar- eða vor-harðindum um að kenna.

EKKI segjast Ulster-búar ganga að neinu öðru en því, að þeir séu undanþegnar heimastjórn, og eigi þing með Englingdum og Skotum, einsof verið hafi. En með það er Redmond og flokkur hans, Nationalist, ósáttir. Hingjón þeirra hefir ávallt verið sameinað Írland undir írski stjórn.

Úr bænum.

Stúkan Hekla biður að láta þess getið, að næstkomandi föstudagskveld biði hin íslenska Templara að fjölmennu á fund til sín. Að fundarlokum eiga skemtanir að fara fram, — fiskidráttur og veitingar — skv og rjómi. Sökum þess, að hafa fer fram í sambandi við lokamund fund, er engum leytt að samkomum, nema þeim, sem tilheyra einhverri stúku í bænum.

Hr. Ingvar Gíslason, frá Rvík P.O., Mann, kom hingað til þegar á mánudaginn var. Ált fréttalaust sagði hann að vestan.

Þann 2. maí gaf sira Rúnólfur Marteinsson saman í hjónaband, að heimili sínu hér í bænum hr. Jóhann Filip Jónsson Markússonar og ungrú Guðrúnu Ástu Helgason, bæði til heimilis hér í bæ. — Ífr. óskar brúðgöngunum allra heilla í framtíðinni.

Hr. Vilhjálmur Vopnfjörð, frá Árborg, var hér á ferð í bænum í mánadaginn síðustu. Fór hann heimleiðis á langdaginn var. — Flóð hefir gjört vart við sig þar neðra, að sögn. Kemur vatnið einhverstaðar að vestan, og eru nú bæði akrar og engjar í kafl. Vorvinnu sagði Vilhjálmur að ekki gæti byrjað nú fyrst um sinn.

Frá Vestfold kom hingað til þegar hr. Guðmundur Stefánsson, á þriðjudaginn síðastliðnu viku. — Engar fréttir sagði hann þaðan, en yfir það heila tekið bærliga lífan manna.

Miss Jónasína Stefánsson, kennari frá Gímli, kom hingað til þegar í vikunni sem leið. Tefur hún hér um nokkra daga og dvelur hjá systur sinni, Miss Steinunni Stefánsson.

Páll Guðmundsson, frá Mountain, N. Dak., er haldið hefir greiðasöluhús á Mountain nú undanfarið, er hingað kominn til þegar. Hefir hann í huga, að setjast hér að, og ef til vill setja á löt greiðasölu hér í vesturbænum.

Lík Þorsteins heitins Eyjólfssonar, sem andaðist hér í bænum, var sent út til Lundar, Man., fyrra miðvikudag til greitrunar. Nokkrir vandamanna hans komu sunnan frá Dakota og fóru vestur.

Bláðið "Allan Tribune", útgefið í Allan, Sask., getur þess, að Emil Austmann, sonur Sjólls Austmanns í Winnipeg, hafi nýlega verið settur ráðsmaður Northern Crown bankans þar í bæ í fjárfæringu aðal ráðsmannsins. Emil er að eins 19 ára gamall, en er þó bókhaldari bankans. Íþróttafélag hefir myndast þar í bænum, og er Emil skrifari félagsins. Emil er bróðir Jóhanns V. Austmanns, sem margir skotkappans, sem margir kannast við, og nú er skotkappi Manitoba, Ontario og Quebec fylkja.

Hr. Björn B. Olson, frá Gímli, var hér á ferð síðari hluta vikunnar sem leið.

Þann 19. f.m. voru gefin saman í hjónaband vestur að Lundar, Man. hra. Dan. J. Lindal og ungrú Margrét J. Eyjólfsson. Daniel er einn með einleigri mönnum þar vestra, póstmestari á Lundar og hefir fengist við verzlunarstörf þar í byggðinni um langan tína. Bróðurinn er dóttir Mr. og Mrs. Jóns Eyjólfssonar er hafa greiðasöluhús þar í bænum. Hjónavígslan fór fram í Goodtemplarhúsinu á Lundar. Óskar Hkr. allra heilla.

Um helgina var stóðd hér í bæ ungrú Thorstina Jackson, B. A. kennari við þéjarskólann í Selkirk. Hefir hún verið sett prófdómari við skólann við næstkomandi próf. Við skólann kennir hún nýju málin, (þýsku og frönsku).

Halldór Grönvasson hefir flutt sig af Ingersoll St., þar sem hann hefir búið nú undanfandi, að 804 McDermot. Talsmið Garry 1154. Þetta eru þeir beðnir að muna, sem einhver skifti kunna að eiga við hann.

Hr. Thorst. Thorkelsson, frá Oak Point, var hér í borg um helgina. Hann var á heimleið vestan frá Kyrrahafsströnd, þar sem hann hefir verið að ferðast undanfarna mánuði. Hann lét mjög vel af ferð sinni og viðtökum landa þar.

Takði eftir, að H. J. Eggertsson hefir 12 herbergja hús til leigu náher stjærstris-spörvegi hér í vesturhluta borgarinnar. Nánar auglýst á öðrum stað í blaðinu.

Þann 23. síðastliðna andaðist hér í bænum bóndinn Guðjón Erlendsson frá Reykjavík P.O. Man. er vér gátum um áður í blaðinu að hingað hefði komið til þess að leita sér lækninga. Banamein hans var krabbamein. Bróðir hans Ingimundur kom til þéjarsins og sótti líkið og fór með það vestur þann 26. Guðjón heitinn var fæddur í Skálholti í Biskupstungum og fluttst hingað vestur fyrir rúmum 15 árum. Hann létur eftir sig ekkju og 9 börn. Er að honum eftirlíð mikil því hann var beztu dregur.

Áframhaldandi ritgjörð um "Maantalið", er talað var um í síðasta blaði, varð að bíða til síðasta blaðs. En á meðan eru þeir áminntir, er sinna vilja-tillögu vorri, um að hjálpa til með að koma á íslensku manntali í bænum, að koma á skrifstofu Heimskringlu og skrásetja sig þar.

Íslensk stúlka slazast.

Í hinu mikla slasi, sem vildi til í bænum Macoun í Saskatchewan, nú fyrir mánadaginn síðustu, er aðal gætihús þéjarsins sprakk í loft upp, af því, að kviknað hafði í gasi, er leitt var inn í hótelið, og margir biðu bana af, var íslensk stúlka, að nafni Stella Petersen. Vann hún þar á hótelið og var stóðd í eldhúsi, er slasið vildi til. Kastaðist hún á eldstöf, og festist þar undir rústum hússins, svo hún gat enga hjálp sér veitt. Brann hún til stórskemda bæði á höndum og andlit, svo trisýnt þykir, að hún haldi lífi. Var hún flutt hingað inn til þéjars á spítalann. Ensk blóð að vestan segja hana 23 ára gamla, og að hún hafi flutt hingað til lands með móður sinni nú fyrir 10 árum síðan.

HJÁLPI og það sem fyrst, svo að notum geti komið.

Einsog sagt er frá á öðrum stað í blaðinu, var íslenska stúlkan sem fyrir slasinu varð í Macoun í Sask. flutt hingað til þéjars í vikunni sem leið. Er hún svo skað bruninn að mikil trisýnt eru á að hún verði grædd eða haldi lífi. En til þess að hún geti fengið þá hjúkrun og aðhyllning sem best er hægt að fá hér í bænum, hefir svo talast til milli íslensku blaðanna Hkr. og Lög. að leita almennra samkotta henni til styrktar. Verður kvittað fyrir þær gjafir, jafn öðum og þær beraast blöðunum. Er vonast til að fólk verði vel við hjálpar leit þessari, því hafi nokkru sinni verið þörf á hjálpi þar er það nú. Búist er við að ef stúlkun lífi missi hún báðar hendur. Er sagt að taka verði af annan handlegginn alveg, en hún höndina um útfallið.

Móðir hennar, sem nú er stóðd hér í bænum og kom með dóttur sína að vestan er fátæk ekki er fás á að, og getur því ekki borið þann kostnað sem lækningahjálpin af hún á að vera að nokkru leyti fullnægjandi, hlýtur að kosta. Þeir sem leggja vilja þá ungu stúlkunni íslensku er varð fyrir þessu voða slasi, eitthvert líð, eru beðnir að koma gjöfunum sínum sem allra fyrst á skrifstofu annars hvors blaðsins. Það sem sent verður út utan af landsbyggð hingað skal merkja:—"Samkottasjóður, S. Peterson" c/o Heimskringla, Box 3171, Winnipeg, og væri best að nefna gefanda fylgdi þeim upphæðum sem gefnar eru.

Skrásetningastjórar:

Þessir hafa verið útnefndir skrásetningastjórar í fylkinu. Tilnefningum ver þá einungis, er eiga að sjá um skrásetningu kjósenda í þeim kjördæmum, þar sem Íslendingar búa fjölmennast.

Í Assiniboia: Sydney D. Richardson, King Edward P.O.
Cypress: C. E. Ford, Rathwell P.O.

Emerson: R. A. Ramsay, Dominion City.
Elmwood: A. D. Sutherland, Winnipeg.

Gimli: B. B. Olson, Gimli.
Gladstone: Thomas Bradshaw, Lakeland.

Kildonan & St. Andrews: Arthur C. Clare, Parkdale.
Morden & Rhineland: Bernhard Löwen, Winckler.

Mountain: A. W. Playfair, Baldur.
Rockland: W. A. Inkster, Stonewall.

St. Boniface: J. B. Leclerc, St. Boniface.
St. George: Frank A. Pickersgill, Ashern.

Swan River: James White, Kenville.

Albert Paulson.

Bandaríki Norðmaðurinn Albert Paulson er að undirbúa flugvél, sem hann ætlar sér að fljúga á til Noregs seint í sumar. Ætlar hann að leggja af stað frá mynni St. Lawrence fljótsins. Fer hann fyrst norður yfir Labrador, þá til Grænlands, þaðan til Íslands, en þaðan til Noregs. Einn farþega hefir hann með sér.

Skip brennur.

Út frá Boston sást skip standi björtu báli á mánudaginn var, hefir það logað af og til í heilan sólarhring, og er nú brunnið ofan að sjó. Var það halskip, og kom Cunard línu skipið Franconia mönnum til bjargar á þriðjudagsgöngunum. Höfuð farþegar, er úr skipinu komust, farið í björgunarbáta, en nokkrir mist lífið. Bátur með 19 manns sökk þó skömmu eftir, að farið var frá skipinu. Alls björguðust 13 manns af allri skipshöfninni, af 70. Skipið var vörslutunskip frá Antwerp. Orsök til eldsins vita menn ekki, en þáttur varð fyrst vart 300 mílur austur af Sable eyju.

Kringlur.

Þegar láteði er lýst, og sagt að það sé eins og eitthvað annað, er ekki þar með sagt, að sá, sem þetta láteði hefir, sé skapman, sem tekur er til samlingar um svipaða háttsemd. Ver sögðum, að það bæri ekki vott um karlmannlega hegðun (í svari til A. Sveinssonar í vetur), "að þóla ekki að tapa í jöfnum leik, heldur setjast niður með gráti og gnústran tanna, kljúfa loftið með yfri og hljóðum, svo undir tekur í hölm og hæðum, einsog bygðin verri orðin að villimörk, þar sem engir hefbust við nema villinaut og villasnar, reif og ráufuglar, úlar og urðarkettir". Þetta þófir Arnar, svo, sem ver höfum kallað Liberála villinaut og villasna. Munu flestir sjá, að slíkt er hártögun.

Þegar út í hártöganir er farið, sem oftast ber vott um sannanarörbírð, er það gjört til þess, að vinna málstað sínum virðingu. — Fái munu efa, að það hafi Arnar tekið. "Er það mikill, hvað hann getur unnið, sá maður."

Lögberg segir, að sumardagurinn fyrsti sé sérstaklega helgaður konunum. — Áltaf er guð að skapa ný og ný fjöll.

Lögberg segir, að margir noti sitt andlega ljós — svo illa, að skemdir hljótið af, því munu víst fáir neita, er lesið eða síðasta Lög. — blaðið er stórskemt.

Lögberg hrósar mikil kostum B. L. Baldwinsonar. Er það engar ógar, er það segir, að hann hafi verið "einn hinna trúustu, mikilhefustu og beztu manna í haldslökkvins". — Jón er góður, þegar hann er ekki lengur til.

Vildi Lög. veita oss þá upplýsingar, hvað margir íslenskir kjósendur í Gímli kjördæminu fóru þess á leit, að B. L. Baldwinson væri skipaður í ráðneyti stjórnarinnar, og hverjir þeirra helst áttu orðastað við Frakka, er kröfust þeirra "hlunninda fyrir þingmann sinn, Mr. Jos. Bernier? Það er ósemnilegt, að ekki hafi það verið einhverjir, ef Lög. er að marka, — en því miður, þau er oft svo litlir að marka.

Vér svörðum til í spaugi með þessari \$35,000,800, er Borden vildi leggja til, að Canada-þjóðin annaðhvort legði í hervarna-sjóð Bretu, með skipum eða í peningum, og fyrirspurnin var gjört um í Lögbergi. Einsog kunnugt er, var það Senatist, mestmegnis skipaður Liberólum, sem feldi grumvarp þetta fyrir stjórninni. Töldum ver víst, að Lög. vissi um þetta, því einu sinni þar það fréttina. En nú tekur það spaugið af alvöru og hleypur með það. — "Flest má heimskum segja", og varast skyldi að hafa margt fyrir övunum.

Fyrsta ritstjórnargreinin í síðasta blaði Lögbergs er hártögun út af spaugsyrdum "Kringlum", viðvikiðni hermálasteinnu Borden. Byggir greinin ofan á þessu gamni og lest alvarlega ræða það, að sambandsstjórnin hafi ætlað að láta þingið veita \$35,000,000 til þess, að dreifa Liberólum, svo þeir neðu ekki saman. — Það væri þó synd að segja, að Lögberg ræddi ekki stjórnmál og fræddi ekki almenning um það, sem er að gjörast!

Spítali fyrir krabbaveika.

Eftir frétt frá New York í p.m. er í ráði að setja á stóin þann fullkomnasta spítala fyrir krabbaveika menn og konur, sem hægt er að gjöra. Standa fyrir þessu fyrir-taki, auk margra ríkismanna, læknaðskóla Columbíu háskólans og heilbrigðisráðs borgarinnar. Auk allra þveinga hefir nú fyrirtekinn safnast rúmir \$1,000,000 í peningum. Á spítalinn að hafa umráð yfir öllu því ráðium, er hann þarf við lækninga tilraunir sínar. Hefir James Douglas, náamkóngurinn mikli, gefið stofnuninni allar sínar ráðium-námar að hálfu í Colorado. Stofnun þessi þykir mikils umverð og sem eðlilegt er. Þóttur fylsta styrka og fulltingis allra mannyfna þar eystra.